


## Viðauki A: Líkan Bozbura



Bozbura F. T. (2007). Knowledge management practices in Turkish SMEs. *Journal of Enterprise Information Management* 20(2), 209-221.

# Viðauki B: Viðtalsrammi

## Viðtalsrammi

- Má ég biðja þig að nefna þá þætti sem helst veita þér hvatningu og ánægju í starfi?
- En hvaða aðstæður finnst þér að hindri þig í starfi?
- Hvaða áhrif, ef einhver, telur þú að niðurskurður undanfarinna ára hafi haft á starfshvata þína og liðan þína í starfi?
- Í dag er þekking talin einn af hornsteinum fagstétta eins og hjúkrunarfræðinga. Mig langar því að spyrja þig um þekkingu og hvernig þú aflar þér þekkingar og einnig hvernig þið miðlið þekkingu ykkar á milli innan heilsugæslunnar.
- Hvaða þekkingu telur þú mikilvægasta í þínu starfi (horfa til þess hvers eðlis slík þekking er, skráð og gagnreynd eða leynd, eða hvort tveggja)?
- Hvernig aflar þú þér nýrrar þekkingar sem tengist starfinu?
- Hvaða þættir koma helst í veg fyrir að þú aflir þér nýrrar þekkingar?
- Hvaða þættir gætu stuðlað að því að þú aflaðir þér frekar nýrrar þekkingar?
- Telur þú að það væri mögulegt að ná betri árangri í starfi með skipulagðri fræðslu, öflun þekkingar og þekkingarmiðlun milli hópa og einstaklinga? Hvernig þá?
- Er þekkingu miðlað eftir formlegum leiðum hjá ykkur? Hefur verið mótuð stefna um slíkt, þ.e. hvernig miðla skuli þekkingu?
- Eruð þið með tölvu- og upplýsingakerfi sem þið sækid ykkur upplýsingar í? Er það notað? Ef ekki, hvers vegna?
- Hvernig myndir þú lýsa vinnuandanum hjá ykkur? Er hvatt til nýjunga eða er staðið gegn slíku?
- Hvernig er viðhorfið gagnvart mistökum? Er reynt að læra af þeim, eða eru þau þöggud niður, ekki rædd?
- Miðla stjórnendur og reyndir starfsmenn þekkingu til nýrra og/eða óreyndari starfsmanna?
- Hvaða áhrif, ef einhver, telur þú að niðurskurður undanfarinna ára hafi haft á þá þætti sem þú hefur nefnt hér og tengjast þekkingu, öflun hennar og miðlun innan heilsugæslunnar?
- Er eitthvað sem stjórnendur geta gert í dag til að hvetja þig frekar í starfi og stuðla að frekari starfsánægju? Ef svo, hvað þá helst?

# Viðauki C: Bréf til framkvæmdastjóra Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri

Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri  
Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri

Akureyri, 12. september, 2011

Ég heiti Emilía Jarþrúður Einarsdóttir og er meistaranemi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Ég er núna að vinna að rannsókn minni sem kemur til með að fjalla um áhrif efnahagshrunsins á starfshvata og þekkingarmiðlun hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu. Ábyrgðarmenn rannsóknarinnar og leiðbeinendur eru dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, netfang [ingire@hi.is](mailto:ingire@hi.is), og dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og deildarformaður framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri, netfang [sigridur@unak.is](mailto:sigridur@unak.is) og sími 861-4911.

Það er gagnkvæmur ávinningur starfsfólks og stofnana að virkja og viðhalda starfshvötum starfsfólks, sérstaklega nú á tímum aðhalds og sparnaðar. Hjúkrunarfræðingar, eins og aðrar fagstéttir, búa yfir dýrmætri þekkingu sem eflist og styrkist sé henni sinnt af ræktarsemi og hún er jafnframt árangursrík leið til verðmætasköpunar.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er hægt að ná í mig í síma 897 5461 eða senda mér tölvupóst á [emiliaeinars@gmail.com](mailto:emiliaeinars@gmail.com). Einnig eru leiðbeinendur mínir og ábyrgðarmenn rannsóknarinnar tilbúnir að svara og útskýra tilgang rannsóknarinnar sé eftir því óskað. Símanúmer og netföng hafa þegar komið fram.

Að lokum vil ég geta þess að farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og þess gætt að ekki verði hægt að rekja þær til viðkomandi einstaklinga. Öllum rannsóknargögnum verður eytt að rannsókn lokinni og hún kynnt Persónuvernd.

Með von um gott samstarf

Emilía J. Einarsdóttir, meistaranemi við Háskólann á Akureyri

H.s.: 462-5461, gsm: 897-5461

[emiliaeinars@gmail.com](mailto:emiliaeinars@gmail.com)

# Viðauki D: Bréf til hjúkrunarforstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri  
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Akureyri, 13. desember, 2011

Ég heiti Emilía Jarþrúður Einarsdóttir og er meistaranemi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Ég er að vinna að rannsókn minni sem kemur til með að fjalla um áhrif efnahagshrunsins á starfshvata og þekkingarmiðlun hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu. Ábyrgðarmenn rannsóknarinnar og leiðbeinendur eru dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, netfang [ingire@hi.is](mailto:ingire@hi.is), og dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og deildarformaður framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri, netfang [sigridur@unak.is](mailto:sigridur@unak.is) og sími 861-4911.

Það er gagnkvæmur ávinningur starfsfólks og stofnana að virkja og viðhalda starfshvötum starfsfólks, sérstaklega nú á tímum aðhalds og sparnaðar. Hjúkrunarfræðingar, eins og aðrar fagstéttir, búa yfir dýrmætri þekkingu sem eflist og styrkist sé henni sinnt af ræktarsemi og hún er jafnframt árangursrík leið til verðmætasköpunar.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er hægt að ná í mig í síma 897 5461 eða senda mér tölvupóst á [emiliaeinars@gmail.com](mailto:emiliaeinars@gmail.com). Einnig eru leiðbeinendur mínir og ábyrgðarmenn rannsóknarinnar tilbúnir að svara og útskýra tilgang rannsóknarinnar sé eftir því óskað. Símanúmer og netföng hafa þegar komið fram.

Að lokum vil ég geta þess að farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og þess gætt að ekki verði hægt að rekja þær til viðkomandi einstaklinga. Öllum rannsóknargögnum verður eytt að rannsókn lokinni og hún kynnt Persónuvernd.

Með von um gott samstarf

Emilía J. Einarsdóttir, meistaranemi við Háskólann á Akureyri

H.s.: 462-5461, gsm: 897-5461

[emiliaeinars@gmail.com](mailto:emiliaeinars@gmail.com)

## Viðauki E: Kynningabréf til þátttakenda

Ég heiti Emilfa Jarþrúður Einarsdóttir og er að ljúka meistaranámi mínu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Hluti þess náms er að gera rannsókn, sem í mínu tilviki beinist að þeirri spurningu hvaða áhrif niðurskurður undanfarinna ára hefur haft á starfshvata og þekkingarmiðlun hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu. Tilgangur þessa bréfs er að óska eftir þátttöku þinni og kynna fyrir þér rannsóknina.

**Ábyrgðarmenn rannsókna:** Ábyrgðarmenn rannsóknarinnar og leiðbeinendur eru dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við viðskiptadeild Háskóla Íslands, netfang [ingire@hi.is](mailto:ingire@hi.is), og dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og deildarformaður framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri, netfang [sigrídur@unak.is](mailto:sigrídur@unak.is) og sími 861-4911. Einnig er hægt að ná í mig í síma 897-5461 eða senda tölvupóst á netfangið [emiliaeinars@gmail.com](mailto:emiliaeinars@gmail.com) ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

**Tilgangur rannsókna:** Tilgangur þessarar rannsóknar er í fyrsta lagi að auka þekkingu og greina áhrif efnahagshrunsins á helstu starfshvata hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu og í öðru lagi að auka þekkingu og greina áhrif efnahagshrunsins á þekkingarmiðlun sama hóps.

**Þátttaka og framkvæmd rannsókna:** Hjúkrunarforstjórum hefur verið sent bréf þar sem óskað var eftir samstarfi og þeir jafnframt beðnir um lista yfir starfandi hjúkrunarfræðinga. Af þeim lista voru síðan valdir af handahófi fimm einstaklingar, og óskað eftir þátttöku þeirra í rannsókninni. Hugsanlegt er að heildarfjöldi þátttakenda verði meiri, en fjöldi þátttakenda er háður því hversu vel gengur að ná ákveðinni metnun í þeim viðræðuatriðum sem fram kunna að koma. Áætlað er að viðtölin í heild verði tíu, fimm á Heilsugæslustöðinni á Akureyri og fimm hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Viðtöl við hjúkrunarfræðinga hjá Heilsugæslustöðinni á Akureyri færu fram í október og nóvember 2011 en viðtöl við hjúkrunarfræðinga Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins munu væntanlega fara fram í febrúar 2012. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði með hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum við þátttakendur. Þeir sem samþykkja þátttöku í rannsókninni

gefa kost á samræðu við rannsakanda sem er hljóðrituð og tekur að öllum líkindum ekki lengri tíma en eina klukkustund. Að gagnagreiningu lokinni mun rannsakandi staðfesta greiningu með tveimur til þremur þátttakendum.

Nú langar mig að spyrja þig hvort þú sért tilbúin til þátttöku í þessari rannsókn. Samþykkir þú þátttöku munum við ákveða stað og stund til að hittast þannig að þér henti sem best.

**Trúnaður:** Framkvæmd rannsóknar verður alfarið í höndum rannsakanda og verða útprentuð gögn geymd í læstri hirslu sem rannsakandi og ábyrgðarmenn rannsóknarinnar hafa einir aðgang að. Fullum trúnaði er heitið við þátttakendur og því til staðfestingar skrifar rannsakandi ásamt þátttakanda undir upplýst samþykki. Úrvinnsla rannsóknargagna fer fram í tölvu og verða öll gögn geymd þar undir lykilorði sem rannsakandi hefur einn aðgang að. Öllum rannsóknargögnum verður eytt að rannsókn lokinni. Að lokum skal þess getið að farið verður að kröfum laga um persónuvernd nr. 77/200 til að tryggja að nöfn og önnur persónuauðkenni komi hvergi fram. Þátttakendur geta hætt þátttöku í rannsókninni á hvaða stigi hennar sem er án skýringa eða eftirmála. Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar.

**Ávinningur:** Með þátttöku í rannsókninni getur þú komið á framfæri upplýsingum sem eru mikilvægar til að varpa ljósi á áhrif niðurskurðar á starfshvata og þekkingarmiðlun hjúkrunarfræðinga. Það er von mín að niðurstöður rannsóknarinnar nýtist stjórnendum heilbrigðisstofnana til að koma til móts við starfshvata hjúkrunarfræðinga, ásamt því að vekja athygli á mikilvægi þess að nýta og varðveita dýrmæta þekkingu sem fagstéttir þessa lands búa yfir.

Með góðri kveðju og von um gott samstarf,  
Emilía Jarþrúður Einarsdóttir,  
meistaranevi við Háskólann á Akureyri  
Sími: 462-5461, gsm: 897-5461  
emiliaeinars@gmail.com

## Viðauki F: Upplýst samþykki

### Upplýst samþykki

Ég, undirrituð, staðfesti með samþykki mínu að taka þátt í rannsókninni: *Áhrif efnahagshrunsins á starfshvata og þekkingarmiðlun hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu.*

Ég hef fengið bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um rannsóknina, tilgang hennar, framkvæmd og verndun persónuupplýsinga í kynningarbréfi. Með undirritun minni samþykki ég að deila með rannsakanda persónulegri upplifun minni af þeim þáttum sem helst hvetja mig í starfi, að viðtölin verði hljóðrituð og síðan skrifuð upp frá orði til orðs til greiningar. Mér er ljóst að þótt ég hafi skrifað undir þessa samstarfsyfirlýsingu þá get ég hætt þátttöku hvenær sem er án útskýringa eða eftirmála.

Samþykki þátttakanda:

---

Undirskrift þátttakanda

---

Staður og dagsetning

Undirskrift rannsakanda til staðfestingar að upplýsts samþykkis hafi verið aflað:

---

Undirskrift rannsakanda

# Viðauki G: Upplýsingar um bakgrunn þátttakenda

## Upplýsingar um bakgrunn þátttakenda

- Aldur
  - 21-30 ára
  - 31-40 ára
  - 41-50 ára
  - 51-60 ára
  - 61 árs og eldri
- Kyn
  - Kona
  - Karl
- Menntun
  - Próf frá Hjúkrunarskóla Íslands
  - Próf frá Hjúkrunarskóla Íslands og framhaldsnám
  - Bs - Fyrsta háskólagráða
  - Bs - Fyrsta háskólagráða og framhaldsnám
  - MSc - meistaranám
  - Doktorspróf
  - Önnur löggild sérþekking
- Starfsaldur
  - 0-2 ár
  - 3-6 ár
  - 7-10 ár
  - 11-14 ár
  - 15-18 ár
  - 19 ár eða lengur



# Viðauki H: Svarbréf frá Persónuvernd

Emilía Jarþrúður Einarsdóttir  
Klettaborg 33  
600 Akureyri



Persónuvernd

Raðuneyti 10 105 Reykjavík  
sími 510 9600 heðlaumi 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is


Reykjavík 7. október 2011  
Tilvísun: S5405/2011/ LIGK/-

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttengið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S5405/2011 og fylgir afrit hennar hjálaga.

Allar tilkynningar sem berast Persónuvernd birtast sjálfkrafa á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Hafa ber í huga að miðlun úrtakslista til rannsakanda getur talist sjálfstæð vinnsla persónuupplýsinga og þarf sem slíka að bygga á vinnsluheimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, t. d. þegar rannsakandi fær úrtakslista eða nafnalista frá þriðja aðila. Slíkt er þó ekki uppi á teningnum þegar félag eða samtök láta framkvæma skoðanakönnun meðal félagsmanna sinna jafnvel þótt fengin sé til þess utanaðkomandi aðili.

Virðingarfyllt,

  
Helga Grethe Kjartansdóttir

Hjál.: - Tilkynning nr. S5405/2011 um vinnslu persónuupplýsinga.